

## **Dagskrá aðalfundar Stjórnvísir 2007**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
  2. Kjör fundarstjóra og ritara
  3. Lýst eftir málum
  4. Skýrsla stjórnar
  5. Reikningar félagsins
  6. Ákvörðun félagsgjalda
  7. Tillaga að breytingum á lögum félagsins
  8. Kjör stjórnar, fagraðs og skoðunarmanna reikninga
  9. Önnur mál

2. Viðurkenningar **Stjórnvísir** 2007

3. Kynning á nýrri vefsíðu **Stjórnvísir**

4. "Að markaðssetja frjáls félagasamtök"

**Pórhallur Guðlaugsson**, dósent

Fundarstjóri: **Einar Thor Bjarnason**, ráðgjafi

## **Hlutverk Stjórnvísi**

Stjórnvísi er félag sem miðlar þekkingu um stjórnun og árangursríkar aðferðir.

## **Framtíðarsýn**

Stjórnvísi er fyrsti kostur starfsmanna íslenskra fyrirtækja og stofnanna við að skiptast á skoðunum og miðla af eigin reynslu um framsækna stjórnun.

## **Kjarnastarfsemi**

Faghópastarf er kjarnastarfsemi Stjórnvísi.

## **Markhópur**

Markhópur félagsins eru millistjórnendur íslenskra fyrirtækja og stofnana.

## **Megináherslur í starfsemi félagsins**

Líflegt og fjölbreytt faghópastarf

Stöðug og framsækin þróun starfseminnar

Markvisst og vel skipulagt sölu- og markaðsstarf

Öflugt innlent og erlent samstarf

Stjórnvísi - Excellence Iceland  
Framkvæmdastjóri: Martha Árnadóttir  
Kringlunni 1  
103 Reykjavík  
Sími 533 5666 - Farsími 896 7026  
[www.stjornvisi.is](http://www.stjornvisi.is)  
[stjornvisi@stjornvisi.is](mailto:stjornvisi@stjornvisi.is)

## Skýrsla stjórnar

Starfsárið sem nú er að líða er tuttugasta starfsár Stjórnvísí. Félagið sem var stofnað 9. júní 1986 hét Gæðastjórnunarfélag Íslands í upphafi en fyrir um sex árum var nafni félagsins breytt í Stjórnvísí. Nafnið Stjórnvísí endurspeglar þá starfsemi sem fram fer í félaginu og hefur að einhverju leyti náð að festa sig í sessi í íslensku atvinnulífi þó enn sé margt óunnið á þeim vettvangi.

Starfsárið var fjölbreytt og skemmtilegt að vanda. Þegar heimasíða félagsins er skoðuð sést að félagsstarfið var afar líflegt, jafnt af hálfu faghópa félagsins sem stjórnar þess og ritstjórnar. Heimasíðan gefur þannig góða heildarsýn yfir þá kraftmiklu starfsemi sem átti sér stað á starfsárinu.

### Faghópastarf

Faghópastarf er kjarninn í starfsemi félagsins og var það starf að vanda öflugt og blómlegt. Alls eru 15 faghópar skráðir hjá félaginu og af þeim voru 11 með virka starfsemi síðasta vetur. Það er ánægjuefni að einn nýr faghópur leit dagsins ljós á starfsárinu sem er að líða og að undirbúningur að stofnun tveggja nýrra faghópa er á lokastigi.

Skráðir faghópar eru eftirfarandi:

- ◆ Balanced Scorecard hópur, sem Hrefna Sigríður Briem leiddi á starfsárinu
- ◆ Gæðastjórnunarhópur, sem Karen S. Kristjánsdóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ Faghópur um mótun og framkvæmd stefnu var stofnaður á starfsárinu. Snjólfur Ólafsson leiddi hópinn
- ◆ Faghópur um þekkingarverðmæti (IC), sem Ásta Þorleifsdóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ Heilbrigðishópur, sem Anna Björg Aradóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ ISO – hópur, sem Eiður Guðmundsson leiddi á starfsárinu
- ◆ Mannauðsstjórnunarhópur (áður Starfsþróunar- og fræðsluhópur), sem Bára Sigurðardóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ Matvælahópur, sem Baldvin Valgarðsson leiddi á starfsárinu
- ◆ Norðanhópur, sem Elín Dögg Gunnarsdóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ Sjálfsmatshópur (EFQM), sem Steinunn Ketilsdóttir leiddi fyrri hluta starfsársins en Símon Þorleifsson seinni hlutann
- ◆ Umhverfis- og öryggisstjórnunarhópur, sem Harpa Birgisdóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ Upplýsingaöryggishópur, sem Laufey Erla Jóhannesdóttir leiddi á starfsárinu

# AÐALFUNDUR

## 31. MAÍ 2007



- ◆ Þjónustuhópur, sem Margrét Reynisdóttir leiddi á starfsárinu
- ◆ Faghópur um fjármál fyrirtækja er í undirbúningi og skráning í hópinn hafin. Áætlað er að stofnfundur verði haldinn í byrjun hausts 2007
- ◆ Lean Six Sigma hópur er sömuleiðis í undirbúningi og skráning hafin. Áætlað er að stofnfundur verði haldinn í byrjun hausts 2007

Fyrir hönd Stjórnvísí vil ég þakka stjórnarmönnum faghópanna kærlega fyrir gott starf í þágu félagsins. Þessir kröftugu einstaklingar tryggja faghópum sínum brautargengi, sem skilar sér í öflugum faghópastarfi og metnaðarfullri dagskrá.

Vert er að skoða þróun starfs faghópanna yfir nokkurra ára tímabil og er eftirfarandi samanburður byggður á ársskýrslum undanfarinna ára.

	2006-7	2005-6	2004-5	2003-4	2002-3
<b>Fundir á dagskrá (áætlun)</b>	46	50	59	73	75
<b>Fundir sem voru haldnir (morgunv. og alm. fundir)</b>	44	45	44	60	68
<b>Hlutfall funda sem voru haldnir af fjölda funda á dagskrá</b>	96%	90%	75%	82%	90%
<b>Fjöldi skráðra faghópa</b>	15	12	13	12	12

Fjöldi áætlaðra faghópafunda á árinu dróst aðeins saman frá fyrra ári þó að fjöldi funda sem voru haldnir í raun hafi nánast staðið í stað. Áætlanir um fyrirhugaða fundi hafa því staðist mjög vel og betur en síðustu ár. Skráðum faghópum fjölga um þrjú árið 2007, eins og áður segir, og því er ástæða til að líta enn bjartari augum til framtíðar hvað varðar fjölda og fjölbreytni faghópafunda næstu misseri.

Stjórn félagsins hélt tvo fundi með stjórnnum faghópanna, í upphafi annar á haust- og vormisseri. Þar var farið yfir stöðu mála, rætt um helstu áherslur í starfinu og skipst á skoðunum. Þessir fundir eru líflegur vettvangur fyrir stjórnarmenn faghópa til að kynna betur hver öðrum, miðla upplýsingum og leggja á ráðin um hugsanlegt samstarf.

## Stjórnunarvika

Árleg stjórnunarvika var haldin í byrjun nóvember 2006. Á dagskrá stjórnunarvikunnar voru einn morgunverðarfundur og hálfisdags ráðstefna sem var haldin í tengslum við árlega afhendingu Íslensku gæðaverðlaunanna. Stjórnunarvikan heppnaðist vel í alla staði og voru atburðir hennar vel sóttir.

Morgunverðarfundurinn var haldinn í samstarfi tveggja faghópa, Upplýsingaöryggishópsins og Þjónustuhópsins. Fundurinn bar yfirskriftina "Marka auknar kröfur um upplýsingaöryggi endalok góðrar þjónustu?" Fyrirlesarar voru Tryggvi R. Jónsson, gagnaöryggis- og gæðastjóri Íslenskrar Erfðagreiningar með erindi sem hét "Social Engineering – hvað er það?", Kristinn Arnar Stefánsson, lögfræðingur hjá Landsbankanum, með erindi sem hét "Þjónustuveiting Landsbankans í kjölfar nýrra reglna gegn peningaþvætti" og Guðjón Leifsson, forstöðumaður þjónustuvers Símans, með erindi sem hét "Upplýsingaöryggi í þágu viðskiptavinarins". Fundarstjóri var María Dungal, forstöðumaður þjónustudeildar Landsbankans.

Ráðstefnan sem var í samstarfi Stjórnvísi og Capacent ráðgjafar bar yfirskriftina "Forysta í krafti þjónustu". Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, nú rektor Háskólans í Reykjavík, flutti erindi sem bar sömu yfirskrift og ráðstefnan. Að loknu erindi Svöfu var ráðstefnugestum skipt upp í tvo strauma og viðfangsefnið skoðað í ljósi einkageirans annars vegar og opinbera geirans hins vegar. Á dagskrá einkageirans voru þrjú erindi. "Þjónusta í ljósi stefnu", fyrirlesari Hermann Jónsson, framkvæmdastjóri Landsbankans, "Þjónusta í ljósi ferla og tækni", fyrirlesari Guðjón Reynisson, framkvæmdastjóri 10-11 og "Þjónusta í ljósi mannauðs", fyrirlesari Ægir Þórisson, mannauðsstjóri Capacent. Á dagskrá opinbera geirans voru sömu erindi og þar fjölluðu Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, og Þorvaldur Ingi Jónsson, viðskiptafræðingur um "Þjónusta í ljósi stefnu", Jón H. Steingrímsson, forstöðumaður þjónustusviðs Ríkisskattstjóra um "Þjónusta í ljósi ferla og tækni" og Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við viðskipta- og hagfræðideild HÍ um "Þjónusta í ljósi mannauðs". Ráðstefnustjóri var Kristinn Tryggvi Gunnarsson, forstjóri Capacent.

Að ráðstefnunni lokinni voru Íslensku gæðaverðlaunin afhent við hátíðlega athöfn, sjá sérstaka umfjöllun um það í kafla um samstarfsverkefni.

## Aðrir atburðir

### Morgunverðarfundir

Faghópar Stjórnvísi halda nokkra morgunverðarfundi ár hvert. Hóparnir halda fundina ýmist einir sér, í samstarfi við aðra faghópa eða stjórnir innan Stjórnvísi eða í samstarfi við aðila utan félagsins. Skrifstofa félagsins kemur að undirbúningi þessara funda. Meira er lagt í umgjörð morgunverðarfundanna og þeir eru auglýstir víðar en aðrir faghópafundir. Morgunverðarfundir eru þannig eins konar millistig á milli hefðbundins faghópafundar og ráðstefnu. Faghóparnir komu öflugir að undirbúningi þessara viðburða og þakkar félagið þeim fyrir það. Utan stjórnunarvikunnar haustið 2006 voru nokkrir morgunverðarfundir haldnir á starfsárinu.

Heilbrigðishópur hélt morgunverðarfund 22. mars 2007 í samstarfi við Félag um innri endurskoðun sem bar yfirskriftina "Áhættustjórnun hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi

(LSH) og Reykjavíkurborg". Þar var sagt frá áhættumati sem unnið var af LSH annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar auk þess sem fjallað var um ávinning áhættustjórnunar fyrir stjórnendur LSH.

Þann 5. júní 2007 mun Upplýsingaöryggishópurinn halda morgunverðarfund, einnig í samstarfi við Félag um innri endurskoðun, um geymslu gagna og hversu lengi sé rétt að geyma afrit gagna. Þar verður fjallað um geymslutíma gagna frá mismunandi sjónarhornum þeirra sem vilja að gögn séu geymd mjög stutt (t.d. Persónuvernd) og þeirra sem vilja að gögn séu geymd mjög lengi (t.d. sagnfræðingar), auk þess sem fyrirtæki greinir frá raunhæfum úrlausnarefnum hvað þetta snertir.

EFQM faghópurinn, í samstarfi við stjórn Íslensku gæðaverðlaunanna, stóð fyrir fjórum morgunverðarfundum á starfsárinu um notkun og beitingu EFQM árangurslíkansins í tengslum við undirbúningsvinnu vegna umsókna um Íslensku gæðaverðlaunin. Fjallað var um alla þætti EFQM árangurslíkansins og sérstakir gestir úr atvinnulífinu fengnir til að lýsa reynslu sinni af viðkomandi þætti. Gestir fundanna voru Jóna Ann Pétursdóttir almannatengill hjá Bakkavör sem fjallaði um forystu og stefnumótun, Þórólfur Árnason forstjóri Skýrr sem fjallaði um starfsmenn og ánægju starfsmanna, Þórný Pétursdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra og Jónína Kristjánsdóttir forstöðumaður markaðsmála hjá SPRON sem fjölluðu um ferli, viðskiptavini og lykilarangursþætti og Birgir Hákonarson framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu sem fjallaði um samstarfsaðila og samfélagslegan árangur. Allir þessir þættir eru hluti EFQM árangurslíkansins. Fundirnir voru vel sóttir og flestir fundarmenn tóku þátt í öllum fundunum.

### Námsstefnan "Markviss framkvæmd stefnu"

Námstefnan var haldin í samstarfi Faghóps um mótun og framkvæmd stefnu og MBA-námsins við Háskóla Íslands þann 26. apríl 2007. Kennari á námsstefnunni var Robin Speculand en hann er stofnandi og framkvæmdastjóri Bridges Business Consultancy Intl. sem sérhæfir sig í framkvæmd stefnu. Robin er vinsæll fyrirlesari og höfundur bókarinnar "Bricks to Bridges - Make Your Strategy Come Alive".

### Málþing Stjórnvísí um öldrunarþjónustu

Þann 23. nóvember 2006 var haldið málþing um öldrunarþjónustu á vegum Heilbrigðishóps og Þjónustuhóps sem bar yfirskriftina "Hvað vil ég að bíði mín á hjúkrunarheimili?" Tilgangur málþingsins var að fá fram umræður um markmið þjónustu hjúkrunarheimila. Eru þau unnin með íbúum og aðstandendum og hvernig er þeim fylgt eftir? Um 120 manns sátu málþingið og var greinilegt á þinggestum að málefnið er brennandi og þörf á samstöðu allra hagsmunaaðila til að árangur náist. Fjölmarginir voru með erindi á málþinginu auk þess sem sýnt var brot úr leikritinu Græna landið við mikla hrifningu áheyrenda.

### Málstofa um stefnumiðað árangursmat

Balanced Scorecard hópurinn tók upp á þeirri nýbreytni að bjóða til opinna málstofu um stefnumiðað árangursmat í september 2006. Á málstofunni voru málefnalegar og heitar pallborðsumræður þar sem m.a var rætt um "do's and dont's" við innleiðingu og ávinning af stefnumiðuðu árangursmati. Boðið var upp á rauðvín og osta. Málstofan var vel sótt og mæltist þessi nýbreytni mjög vel fyrir meðal fundarmanna.

### Nýr heiðursfélagi

Gunnar H. Guðmundsson framkvæmdastjóri 7.is, var útnefndur heiðursfélagi Stjórnvísí 2006 á hádegisverðarfundum sem félagið efndi til í World Class í Laugum 26. september 2006. Gunnar er einn af stofnendum Gæðastjórnunarfélags Íslands, nú Stjórnvísí. Hann

var fyrsti formaður félagsins og vann ötullega að uppbyggingu þess fyrstu árin. Gunnar vann brautryðjendastarf við að kynna nýjar stjórnunaraðferðir, s.s. gæðastjórnun, fyrir Íslendingum á 9. áratug síðustu aldar. Á fundinum var framsaga um gæðastjórnun í sprotafyrirtækjum þar sem nýi heiðursfélaginn, Gunnar H. Guðmundsson, og Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, tóku til máls.

## Útgáfumál


### Heimasíða félagsins, [www.stjornvisi.is](http://www.stjornvisi.is)

Heimsóknir á heimasíðu Stjórnvísi hafa aukist ár frá ári frá því heimasíða félagsins var sett á laggirnar. Vefur Stjórnvísi var endurnýjaður vorið 2005 og hefur heimsóknum á hann haldið áfram að fjölga síðan þá. Á árinu 2006 var fjöldi heimsókna á heimasíðuna um 96.400. Árið áður voru þær um 61.500. Það sem af er ársins 2007 eru heimsóknirnar komnar yfir 40 þúsund og má því enn gera ráð fyrir aukningu.

Samanturður við síðustu ár er eftirfarandi:

	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Heimsóknir alls</b>	24.500	36.300	40.400	61.500	96.400
<b>Gestir á vefsíðu</b>	3.600	5.700	8.400	12.250	20.000
<b>Síður skoðaðar</b>	141.000	162.000	172.000	175.000	177.000
<b>"Hits"</b>	426.000	529.000	565.000	927.000	1.426.000

Árlegur fjöldi heimsókna á heimasíðu Stjórnvísi



Ekki var starfandi sérstök vefstjórn en vefstjóri, Einar Ragnar Sigurðsson, og framkvæmdastjóri sáu um uppfærslu vefsins að mestu leyti. Stjórn félagsins þakkar Einari Ragnari fyrir það frábæra starf sem hann hefur unnið við heimasíðu félagsins.

Verið er að leggja lokahönd á nýja heimasíðu félagsins sem er í nýju og notendavænu vefumsjónarkerfi. Vonir eru bundnar við að þessar breytingar muni leiða til þess að heimasíðan verði enn líflegri en nú er og muni eiga stóran þátt í að efla tengsl félagsmanna og auka hróður félagsins.

### Tímarit Stjórnvísí, Dropinn

Á starfsárinu komu út tvö vegleg tölublöð af Dropanum, riti félagsins. Áður en fyrra tölublaðið kom út var ráðist í endurhönnun á kápu blaðsins og hún færð til nútímalegra horfs. Bæði tölublöðin eru sneisafull af áhugaverðu efni og ættu því að höfða til breiðs hóps fag- og áhugamanna um stjórnun og rekstur.

Ritstjórn fyrra tölublaðsins skipaði: Steinunn Ketilsdóttir, ritstjóri, Halldóra Katla Guðmundsdóttir, Hanna Þóra Hauksdóttir, Írunn Ketilsdóttir og Sigrún Hildur Kristjánsdóttir. Ritstjórn seinna tölublaðsins skipaði: Sigrún Hildur Kristjánsdóttir, ritstjóri Steinunn Ketilsdóttir, Hanna Þóra Hauksdóttir, Þóra Hrólfsdóttir og Svava Þorsteinsdóttir. Með ritstjórnunum vann einnig Martha Árnadóttir, framkvæmdastjóri félagsins. Er þeim öllum þakkað starf sitt fyrir félagið.

Stjórn Stjórnvísí hefur ákveðið að endurskoða fyrirkomulag varðandi Dropann og ritstjórn hans fyrir næsta starfsár.

### Ritið "Framsækin stjórnun"

Sala ritsins hefur gengið mjög vel og hefur það fengið góðar undirtektir.

### EFQM bæklingurinn

Bæklingur um EFQM árangurslíkanið – Að skara fram úr - var endurútfærinn á vormánuðum. Líkanið hefur þróast frá því fyrri útgáfa var gefin út og var því nauðsynlegt að endurskoða bæklinginn með tilliti til þeirra breytinga.

### Kynningarritið "Stjórnvísí hjálpar þér að ná árangri"

Á starfsárinu var unnið að gerð kynningarrits um Stjórnvísí sem ber heitið "Stjórnvísí hjálpar þér að ná árangri" og kemur út í maí 2007. Kynningarritið er hluti af metnaðarfullri markaðsáætlun félagsins og til þess ætlað að koma starfsemi félagsins og ímynd betur á framfæri.

## Sölu- og markaðsmál

Haustið 2006 ákvað stjórnin að móta heildstæða markaðsáætlun fyrir félagið sem leiddi m.a. til þess að ákveðið var að ráðast í gerð kynningarritsins "Stjórnvísí hjálpar þér að ná árangri". Í kjölfar þessarar vinnu verður ráðist í átak í markaðsmálum næstkomandi haust.

Almenn kynning á félaginu er meðal annars í gegnum vefsíðu þess og einnig er þar Dropinn fyrirferðarmikill. Morgunverðarfundir, ráðstefnur og aðrir viðburðir á vegum félagsins voru auglýstir í blöðum eftir því sem efni og aðstæður leyfðu með það tvíþætta markmið í huga að auglýsa viðkomandi atburð annars vegar og til að gera félagið sýnilegt út á við hins vegar.



# AÐALFUNDUR

## 31. MAÍ 2007



Á starfsárinu sendi framkvæmdastjóri félagsins bréf til stærstu fyrirtækja og stofnana landsins sem fjallaði um starfsemi Stjórnvísí og ávinning fyrir stjórnendur og starfsmenn þeirra af þátttöku í félaginu. Bréfinu fylgdi beiðni til viðtakenda um að það yrði sett inn á innri heimasíðu þeirra.

Af beinni markaðssetningu er helst að nefna heimsóknir í háskóla og fyrirtæki til að byggja upp velvild til framtíðar.

Þegar fjöldi fyrirtækja sem eru skráð í félagið var skoðaður fyrir aðalfund kom í ljós að þau eru aðeins 193 talsins. Það er mikil fækkun ef miðað er við upplýsingar í ársskýrslum fyrri ára. Hins vegar verður að draga þá ályktun að þær tölur hafi verið ofmetnar í ljósi þess að á líðandi starfsári sögðu aðeins 6 fyrirtæki sig úr félaginu en 11 ný fyrirtæki skráðu sig í félagið.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa sett sér það markmið fyrir næsta starfsár að fjölga fyrirtækjum um 19, eða um 10%.

	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007
<b>Skráð fyrirtæki í Stjórnvísí</b>	223	222	230	193

Tölur ýmist miðaðar við áramót eða vor

## Innlent og erlent samstarf

### Ársskýrsla ársins

Verðlaun fyrir ársskýrslu ársins 2005 voru veitt í annað sinn þann 7. september 2006 í samvinnu Stjórnvísí og Kauphallar Íslands sem er bakhjarl verðlaunanna. Félag fjárfestatengla varð formlega aðili að verðlaununum á starfsárinu.

Markmið með verðlaununum er að vekja athygli á því hversu mikilvægar ársskýrslur eru fyrir fjármagnsmarkaðinn. Þrátt fyrir aukna upplýsingagjöf fyrirtækja með ársfjórðungsuppgjörom, viðvarandi upplýsingaskyldu og kynningarfundum er ársskýrslan enn hornsteinn í upplýsingagjöf fyrirtækis og fjallar um öll helstu atriði sem máli skipta í rekstri þess. Mikil vinna liggur að baki góðri ársskýrslu enda endurspeglar hún gjarnan metnað fyrirtækisins, gildin og þann anda sem ríkir í fyrirtækinu. Í ársskýrslum er einnig lýst þeim árangri sem náðst hefur og sýn fyrirtækisins á framtíðina.

Valdar voru til mats ársskýrslur þeirra hlutafélaga sem skráð voru í Kauphöll Íslands á árinu 2005. Ekki var óskað eftir umsóknum heldur valdi dómnefnd þá ársskýrslu sem verðlaunin hlaut úr hópi skráðra félaga. Dómnefnd verðlaunanna var skipuð þeim Heimi Haraldssyni löggiltum endurskoðanda, Stefáni Halldórssyni framkvæmdastjóra Lifeyrissjóðs verkfræðinga og Þorkeli Sigurlaugssyni, framkvæmdastjóra nýsköpunar- og þróunarviðs Háskólans í Reykjavík.

Ársskýrsla Glitnis banka (áður Íslandsbanka) hlaut verðlaunin "Ársskýrsla ársins 2005". Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, veitti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Ásmundarsafni.

Rökstuðningur dómnefndar er eftirfarandi: "Ársskýrsla Glitnis er aðgengileg og vönduð og gott jafnvægi ríkir á milli einstakra málaflokka. Hún er mjög upplýsandi fyrir hluthafa,

fjárfesta og aðra hagsmunaaðila bankans og tekur á öllum helstu þáttum í starfsemi hans og framtíðaráformum. Hún uppfyllir í öllum aðalatriðum þær kröfur sem Kauphöll Íslands og dómnefndin gerir til góðrar ársskýrslu um efni og framsetningu”.

Dómnefndin ákvað jafnframt að veita ársskýrslum Bakkavör Group og Össurar sérstaka viðurkenningu fyrir vel gerðar ársskýrslur.

Það er ánægjulegt að merkja má verulegar framfarir í gerð ársskýrslna skráðra félaga á undanförunum árum. Ársskýrslurnar verða sífellt alþjóðlegri og yfirgrípsmeiri enda er slíkt mikilvægt til að auka tiltrú þeirra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands og starfa jafnvel á mörkuðum um allan heim.

### Íslensku gæðaverðlaunin (ÍGV)

Línuhönnun hlaut Íslensku gæðaverðlaunin árið 2006 þegar þau voru afhent í áttunda sinn við hátíðlega athöfn þann 7. nóvember 2006. Forsætisráðherra hr. Geir H. Haarde afhenti verðlaunin.

Í umsögn matsnefndar um Línuhönnun segir m.a.: “Línuhönnun er öflugt þekkingarfyrirtæki sem er í forystu á sínu sviði hérlendis. Stjórnendur og starfsmenn sýna mikinn metnað og vilja til að gera sitt besta í starfi og eru sífellt að bæta starfseminu. Fyrirtækið er drifið áfram af mikilli fagmennsku og góðu skipulagi með skýra sýn á hvert skal stefna. Öll starfsemin byggir á þekkingu starfsmanna og hæfni til að geta veitt afburða þjónustu með fagmennsku, frumkvæði og sjálfstæði starfsmanna að leiðarljósi. Areiðanleiki er þeirra mikilvægasta gildi enda er oft mikið í húfi hjá viðskiptavinum fyrirtækisins og hefur það átt langt og gott samstarf við sína viðskiptavini. Fyrirtækið hefur náð góðum árangri á sínu sviði hérlendis og hefur þegar haslað sér völl erlendis”.

Íslensku gæðaverðlaunin eru samstarfsverkefni Stjórnvísi, Forsætisráðuneytisins, Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Þau fyrirtæki sem hafa áður hlotið Íslensku gæðaverðlaunin eru: Plastprent, VKS, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi, Marel, Sjóvá, ÁTVR og Alcan.

Fyrir hönd Stjórnvísi hafa Þór G. Þórarinsson og Ari Arnalds átt sæti í stjórn ÍGV. Umsjónarmaður verðlaunanna á árinu 2006 var framkvæmdastjóri Stjórnvísi, Martha Arnadóttir. Er þeim öllum þakkað gott starf í þágu Íslensku gæðaverðlaunanna.

### Íslenska ánægjuvugin

Íslenska ánægjuvugin var mæld í áttunda sinn árið 2006 og kynnti Guðbjörg Andrea Jónsdóttir hjá Capacent Gallup niðurstöður íslensku mælinganna á hádegisverðarfundum 13. mars 2007.

Íslenska ánægjuvugin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Capacent Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum, og tryggð viðskiptavina. Mælingin er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur það gert sér vonir um.

Í flokki fjármálfyrirtækja, þ.e. banka og sparisjóða, var SPRON í fyrsta sæti með 75,1 stig en undanfarin 7 ár hefur Sparisjóðurinn verið í fyrsta sæti. Á árunum 1999 – 2003 var ekki gerður greinarmunur á SPRON og Sparisjóðnum þannig að þetta var þriðja árið sem SPRON var mældur sérstaklega. SPRON hækkaði um 1,0 stig milli ára en meðaltal banka/sparisjóða lækkaði um 1,1 stig. SPRON mældist með mesta ánægju viðskiptavina af þeim fyrirtækjum sem mæld voru árið 2006 í mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar. Af því tilefni hélt Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri hjá SPRON, stutt ávarp á

hádegisverðarfundinum. Í flokki tryggingafyrirtækja var Tryggingamiðstöðin í fyrsta sæti, annað árið í röð, með 71,9 stig og hækkaði um 0,4 stig á milli ára. Í flokki farsímafyrirtækja var Vodafone í fyrsta sæti með 64,5 stig. Í flokki netveitna sem nú voru mældar í fyrsta skipti var Hive í fyrsta sæti með 68,5 stig. Í flokki gosdrykkjaframleiðenda var Ölgerðin Egill Skallagrímsson í fyrsta sæti með 72,2 stig en lækkaði nokkuð eða um 3,9 stig milli ára. Í flokki rafveitna, var Hitaveita Suðurnesja í fyrsta sæti fimmta árið í röð með 71,3 stig sem er nákvæmlega sama einkunn og fyrirtækið fékk árið 2005. Í flokki smásöluvyrirtækja, þ.e. ÁTVR, olúfélaga og byggingavörúverslana, var BYKO í fyrsta sæti með 66,9 og velti þar með ÁTVR úr sessi.

Í stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar situr Einar Thor Bjarnason fyrir hönd Stjórnvísí og er honum þakkað gott starf í þágu félagsins.

### Ráðstefna um Nútíðir/Framtíðir

Stjórnvísí átti aðild að ráðstefnunni sem var um notkun Scenario (sviðsmynda) og Foresight (framsýni) við stjórnun og þróun. Ráðstefnan var haldin í mars 2007 að frumkvæði Iðntæknistofnunar. Fjallað var um þörfina á nýrri nálgun við stefnumótun með notkun sviðsmynda og sýnd dæmi um algenga aðferð við gerð slíkra mynda.

### Samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskólans um námskeiðahald

Stjórnvísí er í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um samstarf vegna námskeiðahalds og á haustmánuðum 2006 stóð Balanced Scorecard hópurinn fyrir námskeiði um stefnumiðað árangursmat.

### Erlent samstarf - EFQM

Af erlendu samstarfi er vert að nefna þátttöku Stjórnvísí í EFQM en notkun Stjórnvísí á EFQM líkaninu í tengslum við Íslensku gæðaverðlaunin er afrakstur þess samstarfs.

Stjórn Stjórnvísí hefur ákveðið að marka skýra stefnu varðandi eflingu erlends samstarfs á næsta starfsári.

## Rekstur og starfsemi

Félagið var rekið með dálitlum afgangi á síðasta ári. Félagið hefur einn launaðan starfsmann innan sinna vébanda sem er framkvæmdastjóri félagsins. Félagið flutti starfsemi sína í janúar 2007 frá Keldnaholti í Kringluna 1 (gamla Morgunblaðshúsið). Skrifstofa félagsins er opin kl. 09:00-17:00 virka daga. Félagið úthýsti innheimtu og bókhaldi félagsins á líðandi starfsári með það að markmiði að nýta hagræðingarmöguleika og efla faglega starfsemi félagsins. Innra starf félagsins var fyrirferðarmikið á vormánuðum 2007. Það var brýnt að taka innra starfið föstum tókum og koma því í gott horf til framtíðar eftir tíð skipti á framkvæmdastjórum félagsins síðustu fjögur ár.

## Stefnt til framtíðar

Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á félaginu sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið að á vormánuðum 2007. Í ljósi þeirra áforma eru lagðar fram tillögur að breytingum á lögum félagsins á þessum aðalfundi.

# AÐALFUNDUR

## 31. MAÍ 2007

---



Lagt er til að stjórn félagsins verði 7 manns með formanni í stað 11 áður. Stjórnin mun jafnframt öll sinna hlutverki framkvæmdastjórnar í stað þess sem áður hefur verið að stjórnin hefur valið þrjá stjórnarmenn til að sinna því hlutverki.

Þá er lagt til að setja á stofn fagráð skipað sjö mönnum úr háskóla- og atvinnulífinu, jafnt opinbera geiranum sem einkageiranum. Hlutverk fagráðsins er fyrst og fremst að vera ráðgefandi fyrir stjórn félagsins varðandi stefnumótandi áherslur og að taka þátt í að efla ímynd og orðspor Stjórnvísi. Jafnframt að vera félaginu innan handar varðandi faglega stjórnunarþekkingu og aðstoð við einstök verkefni. Stjórn félagsins hefur miklar væntingar til fagráðsins og telur þessi áform vænleg fyrir félag sem kennir sig við framsækna stjórnun.

### Að lokum

Breytingar munu verða á stjórn félagsins og er fráfarandi stjórnarmönnum: Ylfu Edith Jakobsdóttur,ínu Björgu Hjálmarsdóttur, Tryggva R. Jónssyni, Þóri G. Þórarinssyni, Ásrúnu Rúðólfsdóttur og Einari Ragnari Sigurðssyni þakkað fyrir einstaklega gott starf í þágu félagsins.

Kristinn Tryggvi Gunnarsson lætur einnig af störfum í stjórn félagsins en hefur fallist á að taka sæti í fyrsta fagráði þess. Eru honum þökkuað störf hans í þágu félagsins á starfsárinu.

Framkvæmdastjórn félagsins vil ég þakka fyrir skemmtilegt og uppbyggilegt samstarf. Þar hafa þau Jenný Dögg Björgvinsdóttir, Jón Bjarki Gunnarsson og Martha Árnadóttir verið öflugir samherjar.

Framkvæmdastjóra félagsins, Mörthu Árnadóttur, vil ég þakka sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Þá vil ég, fyrir hönd stjórnar félagsins og framkvæmdastjóra, itreka þakkir til stjórna faghópa, ritstjórna Dropans og vefstjóra heimasíðunnar, fyrir afar öflugt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins sem og til þeirra aðila sem sitja í stjórnun Íslensku gæðaverðlaunanna og Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir hönd félagsins.

Að lokum vil ég fyrir hönd Stjórnvísi þakka þeim fjölmörgu aðilum sem héldu erindi á ráðstefnum og morgunverðarfundum á starfsárinu fyrir fróðleg og góð erindi.

Kristín Kalmansdóttir

Formaður stjórnar Stjórnvísi


# AÐALFUNDUR

## 31. MAÍ 2007



Reykjavík, 31. maí 2007

Áritun framkvæmdastjóra


  
Martha Árnadóttir

Áritun stjórnar:


Kristín Kalmansdóttir formaður




Ásrún Rúdólfsson



Ína Björg Hjálmarsdóttir



Jenný Dögg Björgvinsdóttir



Jón Bjarki Gunnarsson




Kristinn Tryggvi Gunnarsson



Sigríður Ásta Guðjónsdóttir



Ylfa Edit Jakobsdóttir



Þór G. Þórarinnsson



Einar Ragnar Sigurðsson



Kjörnir skoðunarmenn Stjórnvísir:

Við höfum yfirfarið reikninga Stjórnvísir fyrir árið 2006 og  
leggjum til að þeir verði samþykktir.

  
Garðar Sverrisson

  
Ólafur Haraldsson

## Rekstrarreikningur Stjórnvísí 2006

	Uppgjör 2006	Athugasemdir
<b>TEKJUR:</b>		
Félagsgjöld	6.657.800	
Ársskýrsluverðlaunin	1.000.000	
Íslensku gæðaverðlaunin	720.000	
Íslenska ánægjuvugin	420.017	
Ráðstefnur og fundir	1.845.000	
Dropinn 2005 - eitt tbl.	836.667	
Dropinn 2006 - tvö tbl.	1.884.500	
Bókasala	1.347.929	
Aðrar tekjur (burðargjöld)	1.325	
Vaxtatekjur	101.798	
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>14.815.036</u></b>	
<b>GJÖLD:</b>		
Laun og launatengd gjöld	5.573.504	
Ráðningarkostnaður	311.250	1
Ársskýrsluverðlaunin	1.016.607	
Íslensku gæðaverðlaunin	650.919	
Íslenska ánægjuvugin	406.965	
Ráðstefnur og fundir	1.418.202	
Dropinn	1.575.350	2
Fundakostnaður	42.234	
Akstur og burðargjöld	56.389	
Árgjald EFQM	168.610	3
Skrifstofukostnaður	34.930	
Gjaldfærður búnaður	17.500	
Netbókhald	101.885	
Húsnæðiskostnaður	304.800	
Sími og internet	351.901	
PR, kynning og gjafir	75.878	
Bókakaup til endursölu	557.600	4
Tímarit og dagblöð	11.631	
Afskriftir innréttinga o.fl.	12.712	
Niðurfærsla viðskiptakrafna	1.931.741	5
Vaxtagjöld	83.326	
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>14.703.934</u></b>	
<b>HAGN/(TAP)</b>	<b>111.102</b>	

### Athugasemdir við rekstrarreikning Stjórnvísí 2006

1. Martha Arnadóttir ráðin framkvæmdastjóri
2. Gjöld vegna Dropans af tveimur tölublöðum 2006
3. EFQM árgjald vegna tveggja ára, 2005 og 2006
4. Útgáfa ritsins Framsækin stjórnun
5. Afskriftir á eldri útstandandi viðskiptamannakröfum

## Efnahagsreikningur Stjórnvísir 31.12. 2006

### EIGNIR

	2003	2004	2005	2006
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>				
SPRON HLR. 652	319.396	494.682	257.261	1.680.794
Aðrir bankareikningar	1.071.361	1.285.498	1.406.250	320.679
Sjóður	7.100			
Fyrirframgreiddur kostnaður	105.868			
Viðskiptakröfur	967.913	1.016.656	2.287.592	343.139
<b>VELTUFJÁRMUNIR ALLS</b>	<u>2.471.638</u>	<u>2.796.836</u>	<u>3.951.103</u>	<u>2.344.612</u>
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>				
Innréttingar og fl.	163.540	144.186	127.122	114.410
<b>FASTAFJÁRMUNIR ALLS:</b>	<u>163.540</u>	<u>144.186</u>	<u>127.122</u>	<u>114.410</u>
<b>EIGNIR SAMTALS:</b>	<u>2.635.178</u>	<u>2.941.022</u>	<u>4.078.225</u>	<u>2.459.022</u>

### SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

#### SKAMMTÍMASKULDIR:

Ógreiddur kostnaður	204.172	218.324	341.881	514.712
Ógreitt v. starfsfólks	569.802	554.150	1.704.364	223.204
Virðisaukaskattur	10.681	193.859	189.532	0
<b>SKAMMTÍMASKULDIR ALLS:</b>	<u>784.655</u>	<u>966.333</u>	<u>2.235.777</u>	<u>737.916</u>

#### LANGTÍMASKULDIR:

<b>LANGTÍMASKULDIR ALLS:</b>		0	0	0
<b>SKULDIR SAMTALS:</b>	<u>784.655</u>	<u>966.333</u>	<u>2.235.777</u>	<u>737.916</u>

#### EIGIÐ FÉ:

Frá fyrra ári	1.639.461	1.850.523	1.974.689	1.842.448
Leiðrétting vegna ofmetins hagnaðar fyrrri ára (óinnheimtar tekjur)				(232.444)
Hagnaður/tap skv. rekstrarreikningi	211.062	124.166	-132.241	111.102
<b>EIGIÐ FÉ ALLS:</b>	<u>1.850.523</u>	<u>1.974.689</u>	<u>1.842.448</u>	<u>1.721.106</u>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS:</b>	<u>2.635.178</u>	<u>2.941.022</u>	<u>4.078.225</u>	<u>2.459.022</u>

## Fjárhagsáætlun Stjórnvísir 2007

	<b>Áætlun 2007</b>
<b>TEKJUR:</b>	
Félagsgjöld	7.323.580
Ársskýrsluverðlaunin	1.400.000
Íslensku gæðaverðlaunin	540.000
Íslenska ánægjuvogin	500.000
Ráðstefnur og fundir	1.845.000
Dropinn 2007	1.884.500
Bókasala	500.000
Auglýsingar á vefsíðu	150.000
Vaxtatekjur	100.000
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>14.243.080</u></b>
<b>GJÖLD:</b>	
Laun og launatengd gjöld	5.000.000
Ársskýrsluverðlaunin	1.200.000
Íslensku gæðaverðlaunin	1.000.000
Íslenska ánægjuvogin	400.000
Ráðstefnur og fundir	1.500.000
Dropinn	1.800.000
Fundakostnaður	60.000
Akstur og burðargjöld	60.000
Árgjald EFQM	80.000
Markaðs- og kynningarmál	500.000
Skrifstofukostnaður	100.000
Húsnæðiskostnaður	420.000
Bókhald og innheimata	400.000
Sími og internet	360.000
PR og gjafir (viðskiptakostn.)	200.000
Bókakaup til endursölu	557.600
Tímarit og dagblöð	20.000
Ófyrirséð	200.000
Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna	200.000
Vaxtagjöld	100.000
<b><u>Samtals</u></b>	<b><u>14.157.600</u></b>
<b>HAGN/(TAP)</b>	<b>85.480</b>



## Stjórn Stjórnvísí 2006-2007

**Formaður:**

Kristín Kalmansdóttir

Landspítali - háskólasjúkrahús

**Stjórn Stjórnvísí til tveggja ára:**

Jenný Dögg Björgvinsdóttir  
Kristinn Tryggvi Gunnarsson  
Sigríður Ásta Guðjónsdóttir  
Ylfa Edith Jakobsdóttir

Glitni  
Capacent  
Actavis  
Marel

**Stjórn Stjórnvísí til eins árs:**

Ína Björg Hjálmarsdóttir  
Jón Bjarki Gunnarsson  
Tryggvi R. Jónsson

Blóðbankinn  
Skýrr  
Íslensk erfðagreining (Tryggvi sagði sig úr stjórninni vegna anna haustið 2006).  
Félagsmálaráðuneyti

Pór G. Þórarinsson

**Varastjórn Stjórnvísí til eins árs:**

Ásrún Rúdólfsson  
Einar Ragnar Sigurðsson

Vegagerðin  
Skýrr

**Skoðunarmenn 2006-2007:**

Garðar Sverrisson                      Fiskistofa  
Ólafur Haraldsson                      SPRON

**Heiðursfélagar Stjórnvísí**

Gunnar H. Guðmundsson  
Guðfinna S. Bjarnadóttir  
Hörður Sigurgestsson  
Katrín Pálsdóttir  
Pétur K. Maack  
Valur Valsson  
Þorkell Sigurlaugsson